



Alþingi
Erindi nr. P 140/1996
komudagur 27.4.2012

fimmtudagur, 26. apríl 2012

Skrifstofa Alþingis
Nefndasvið
Austurstræti 8---10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um ætlað samþykki við líffæragjafir, 476. mál

Umsögn:

Félag nýrnasjúkra styður eindregið þingsályktunartillögu um ætlað samþykki við líffæragjafir, 476. mál.

Félagið telur hins vegar að allar aðgerðir sem kalla á frumkvæði af hálfu almennings til að skrá samþykki sitt spilli málinu, hvort sem það er með því að láta skrá það í ökuskýrteini eða annars staðar. Við erum sannfærð um að jákvæð afstaða almennings til málsins leiði ekki til þess frumkvæðis sem þarf til skráningar, eins og reynslan sýnir, en þeir sem eru andvígir muni aftur á móti örugglega láta vita af því.

Greinagerð:

Meirihluti Evrópuríkja hefur lögleitt ætlað samþykki og tíðni líffæragjafa er almennt hærrí í þeim ríkjum en þeim þar sem lögin gera ráð fyrir upplýstu samþykki / ætlaðri neitun. Tíðni líffæragjafa á Íslandi er aðeins tæpur helmingur af tíðni líffæragjafa í Noregi og sú lægsta á Norðurlöndum.

Á Íslandi neita aðstandendur líffæragjöf í allt að 40% tilvika þótt bæði íslenskar og erlendar kannanir sýni að 80-90% aðspurðra vilji gefa líffæri eftir sinn dag. Það sýnir að flestir Íslendingar vilja gefa öðrum líf og lífsgæði með líffærum sínum eftir að þeir hafa ekki lengur not fyrir þau.

Þrátt fyrir að lögum verði breytt í ætlað samþykki verða ættingjar eftir sem áður ávalt spurðir. Það er auðveldara fyrir starfsfólk sjúkrahúss að spyrja aðstandendur látins ástvinar, á þessari erfiðu stund, hvort hinn látni hafi lýst því yfir að hann vilji ekki gefa líffæri sín við andlát en að spyrja hvort hann hafi lýst því yfir að hann vilji að líffæri sín verði notuð til lækninga við andlát.

Engin meðferð er til sem lækna skemmd og óstarfhæf nýru. Þegar nýrnabilun er komin á lokastig er markmið meðferðarúrræða að viðhalda lífi og lífsgæðum. Völ er á tvenns konar meðferð, ígræðslu nýra eða blóðhreinsun, svokallaðri skilun, blóðskilun og kvöskilun. Ígræðsla nýra er besta meðferðin við lokastgsnýrnabilun.

Líffæraígræðsla er ódýrasta meðferðarúrræðið við mörgum sjúkdómum og jafnframt það sem gefur sjúklingum bestu lífsgæðin.

Með lögum sem gera ráð fyrir ætluðu samþykki sýna yfirvöld jákvæða afstöðu til líffæragjafar.

Fyrir hönd Félags nýrnasjúkra lýsi ég ánægju með þingsályktunartillögunum og von um að hún fái jákvæða afgreiðslu og leiði til lagabreytingar sem allra fyrst. Það mun bjarga mannlífum.

Virðingarfyllt

Kristín Sæunnar- og Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri